



DRAUMUR

(1907)

Somnia, quæ mentes ludunt volitantibus umbris,
non delubra deum, nec ab æthere numina mittunt,
sed sibi quisque facit.¹

Petronius.

Mig dreymdi í haust mjög einkennilegan draum. En á þessari miklu afturhvarfsöld, þegar ýmislegt það, sem menn höfðu ætlað sokkið svo djúpt í haf fortiðarinnar, að það kæmi ekki upp aftur að eilífu, skolast nú aftur í straumi tímans, þá þarf auðvitað naumast að taka það fram, að allir draumar eru nokkurs konar vitranir og þýða eitthvað. Ætla ég því, að dæmi fyrri manna, að segja draum minn, ef verða mætti, að einhver kynni að ráða.

Ég þóttist sjá um lönd öll og þótti mér ekki annað undarlegra bera fyrir augu en gullhrúgur margar og misstórar, og lá skrímsli á hverri. Mannsmynd nokkur þótti mér vera á minnstu skrímslunum, en engin á hinum stærri. Voru þau næsta ferleg ásýndum og eigi óáþekk jötunvöxnnum smokkfiskum, með stór starandi fiskaugu og langa griparma búna krókum og sogbollum; seildust armarnir ótrúlega langt og víða, og drógu að hrúgu sinni gull, hvar sem festi. Þó þótti mér nærrí

1) Drauma, sem leika við lund með léttum svifandi skuggum, guðirnir láta ei líða úr lofti né véböndum sínum; draum skapar sjálfur hver sér. — —

því enn furðulegra en þetta, að sjá hvernig gullið dróst að skírmlunum án þess hægt væri að sjá, að þau legði sig í framkróka til að afla þess, og var því líkast sem segulafl nokkurs konar byggi í gullhrúgunum. Hrúgurnar fóru sýnu vaxandi, einkum þær, sem stærstar voru, og náðu skrímslin hvergi að hylja þær. Ég hugði nú betur að og sá þá, hvernig jafnvel eirmolar, sem fátæklingar höfðu í höndum og ætluðu að kaupa sér brauð fyrir — úr sviknu mjöli — drógst að haugum skrímslanna og urðu þar að gulli. Eigi ósjaldan bar það við, að stærri skrímslin spúðu eitri á hin smærri svo ákaft, að þau hrökkluðust af gullhaugum sínum, en þeir söfnuðust jafnharðan undir stærri skrímslin.

Svo var að sjá, sem flest vildi mannfólk ið allt gjöra til að bóknast skírmlunum, og dansaði fólk ið kringum gullhrúgurnar með ýmsum kynlegum látum til heiðurs við skrímslin. Þó voru ýmsir, sem tóku sig út úr, krepptu hnefana og hrópuðu að betur mætti vegna á jörðunni, ef ekki snerist allt að því að efla skrímslin, og auka gullhrúgur þeirra. Virtust menn þessir takan saman ráð sín.

Ég þóttist nú líta yfir Ísland, þar sem það lá í útsænum, brimkögrað og fossum stafað. Ég þóttist sjá þar allmög skrímslin, en engin voru þau afarstór, er ból sín höfðu á landinu sjálfu, og mannsmynd á þeim flestum. Ýms auð bæli sá ég, og þóttist ég vita, að úr þeim hefðu skrímslin flutt sig í önnur lönd, og gull sitt, og lægi þar á því. Gullagnirnar, sem urðu af striti landslýðsins, drögust allflestar að hrúgum skrímslanna; lágu ýmsir gullagnastraumar út af landinu svipaðir til að sjá eins og ar í sólargeisla. Ég renndi augunum eftir digrasta geislastafnum og sá að þar veitti gullögnunum í hrúgu eina afarstóra, skammt frá kastalaborg eigi fornlegri, fyrir austan hafið. Skrímslið, sem á henni lá, var þrútið og illilegt og blés eitri stundum, svo að loft blandaðist mjög.

Í þessari svipan sá ég skrímslisarm einn festa sig á landið eigi langt frá Reykjavík; var hann grimmilega útbúinn að krókum og sogfærum og svo langur, að ég þóttist þar engan enda mega á sjá, og kom mér til hugar kötturinn, sem Pórr lyfti forðum, og svo var langur, að þó að Pórr seildist svo hátt upp, að skammt var eftir til himins, þá losnaði köttur eigi að heldur;

var það raunar Miðgarðsormur, sem liggur um lönd öll, en enginn köttur, sem Þórr reyndi sig við. Sjálfur Miðgarðsormur kom mér í hug, er ég sá skrímslið, er arminn átti, sem var að sjúga sig fastan á landið. Ekkert skrímslið var jafn tröllslegt á vöxt og ásýnd alla eins og þetta, og þegar það mjakaði sér eitthvað til á gullhrúgu sinni, sem fremur líktist fjalli en haugi, þá gengu rammgerðir klettar úr skorðum eða félru jafnvel niður með dynkjum og dunum. Varð mér svo felmt við alla þessa sjón, að ég bjóst til að flýja af þeim stað, er ég stóð á, en við það vaknaði ég; og lýkur þar draumnum.